
Fjarskipti hf.

Samandreginn árshlutareikningur
samstæðunnar

1. janúar til 30. júní 2017

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Fjárhagslegar lykiltölur	5
Könnunaráritun óháðra endurskoðenda	6
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	7
Efnahagsreikningur	8
Eiginfjáryfirlit	9
Sjóðstreymisyfirlit	10
Skýringar við samandreginn árshlutareikning	11

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Fjarskipti hf. er fjarskiptafélag sem býður einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og opinberum aðilum alhliða fjarskiptáþjónustu undir vörumerkinu Vodafone.

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Fjarskipta hf. og dótturfélags þess, P/F Kall í Færeyjum og hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf. Árshlutareikningur samstæðunnar 1. janúar til 30. júní 2017 er kannaður af endurskoðendum félagsins.

Reglugerð Evrópusambandsins um afnám reikigjalda tók gildi hér á landi þann 15. júní 2017. Reiki í Evrópu er nú innifalið í allri farsímaþjónustu Vodafone og geta viðskiptavinir því notað símtæki sín í Evrópu eins og hér heima án viðbótarkostnaðar, á það bæði við um farsíma- og netáskriftir. Í lok júní opnuðu nýjar höfuðstöðvar Vodafone að Suðurlandsbraut 8 ásamt nýrri og glæsilegri verslun. Flutningur starfsmannanna að Suðurlandsbraut 8 markar nýtt upphaf hjá Vodafone og innleiðingu á nýju, nútímalegu og sveigjanlegu vinnuumhverfi, BESTA, sem unnið er að forskrift Vodafone Group.

Í tengslum við kaup á tilteknum eignum og rekstri 365 miðla hf. var samrunatilkynningu skilað til Samkeppniseftirlitsins á tímabilinu. Vodafone hefur í viðræðum við Samkeppniseftirlitið lagt til skilyrði sem félagið er reiðubúið að undirgangast í því skyni að tryggja framgang samrunans. Leitaði Samkeppniseftirlitið umsagna helstu hagsmunaaðila um tillögur Vodafone að skilyrðum. Fram kom í umsagnarbeiðni Samkeppniseftirlitsins að það hafi ekki lokið rannsókn sinni og ekki tekið afstöðu til hvort tillögur að skilyrðum dugi til að leysa þau vandamál sem ella gætu stafað af samrunanum. Nú liggja umsagnir hagsmunaaðila fyrir, m.a. frá Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) og Fjölmiðlanefnd. Vodafone hefur skriflega brugðist við umsögnum hagsmunaaðila, m.a. með tillögum að breyttum skilyrðum sem taka að hluta til mið af fyrirliggjandi umsögnum og hefur átt í áframhaldandi viðræðum við Samkeppniseftirlitið. Búast má við afstöðu Samkeppniseftirlitsins til samrunans í september eða október 2017 og að samruninn komi til framkvæmda á fjórða ársfjórðungi, að því gefnu að Samkeppniseftirlitið samþykki kaupin. Áætlarnir gera ráð fyrir að sameinað félag verði með um 62% hærri tekjur, 54% hærri EBITDA og 85% hærra frjálst fjárflæði en núverandi rekstur Vodafone.

Dagur rauða nefsins var haldinn hátíðlegur í höfuðstöðvum Vodafone í júní, en markmið hans var að fjölga heimsforeldrum UNICEF á Íslandi sem taka þátt í að berjast fyrir réttindum barna á heimsvísu. Vodafone er einn aðalstyrktaraðili dags rauða nefsins og UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Í maí skrifaði Vodafone undir samning við Samsung, einn stærsta raftækjaframleiðanda í heimi, um kaup á næstu kynslóð myndlykla fyrir Vodafone Sjónvarp. Um er að ræða hraðvirkan ofur-háskerpu myndlykil (Ultra HD/4K) sem veitir bestu myndgæði sem þekkjast á markaðnum í dag.

Rekstur og fjárhagsleg staða 1. janúar til 30. júní 2017

Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu 6.527 millj. kr. (6.762 millj. kr. 1.1 til 30.6.2016). Hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu nam 440 millj. kr. (445 millj. kr. 1.1 til 30.6.2016). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 15.310 millj. kr. (14.686 millj. kr. 31.12.2016). Eigið fé samstæðunnar þann 30. júní 2017 nam 7.395 millj. kr. (6.987 millj. kr. 31.12.2016). Þar af nam hlutfé 2.640 millj. kr. (2.640 millj. kr. 31.12.2016). Eiginfjárlutfallið 30. júní 2017 var 48,3% (47,6% 31.12.2016).

Á aðalfundi félagsins þann 16. mars 2017 var samþykkt arðgreiðslustefna fyrir félagið. Stefnt er að því að greiða hluthöfum arð og/eða framkvæma endurkaup eigin hluta sem nemur 30-60% af hagnaði eftir skatta í samræmi við gildandi lög og reglur hverju sinni. Við mótnun tillagna um arðgreiðslu og/eða kaup á eigin hlutum skal stjórn taka tillit til; markmiða fjárstyringastefnu félagsins, markaðsaðstæðna og fjárfestingarþarfar félagsins.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árs hlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árs hlutareikninga IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að árs hlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2017 ásamt rekstrarafkomu hennar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2017.

Stjórn og forstjóri Fjarskipta hf. hafa í dag fjallað um samandreginn samstæðuárs hlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2017 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 22. ágúst 2017

Í stjórn:

Heiðar Guðjónsson, stjórnarformaður

Anna Guðný Aradóttir

Hildur Dungal

Hjörleifur Pálsson

Yngvi Halldórsson

Forstjóri:

Stefán Sigurðsson

Fjárhagslegar lykiltölur

	2017 2F*	2016 2F*	2017 6M	2016 6M
Fjárhagsupplýsingar				
Heildartekjur	3.386	3.467	6.527	6.762
Rekstrarhagnaður	376	404	718	728
Hagnaður fyrir tekjuskatt	298	309	549	555
Hagnaður tímabilsins	239	248	440	445
Hagnaður á hlut	0,90	0,90	1,70	1,70
Fjárfestingar	536	291	861	549
Handbært fé frá rekstri	513	656	705	1.227
Frammistöðumat				
EBITDA tímabilsins	761	751	1.480	1.420
EBITDA hlutfall	22,5%	21,7%	22,7%	21,1%
Frjálst fjárflæði (FCF)**	56	454	22	841
Nettó vaxtaberandi skuldir	5.505	5.903	5.505	5.903
Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA ***	1,8	1,9	1,8	1,9

* Ársfjórðungslegar upplýsingar hafa ekki verið kannaðar af endurskoðendum

** Frjálst fjárflæði samanstendur af handbæru fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt að frádrögnum fjárfestingahreyfingum.

*** EBITDA síðastliðinna 12 mánaða

Könnunaráritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Fjarskipta hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi árslutareikning Fjarskipta hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2017. Árslutareikningurinn hefur að geyma, rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á árslutareikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árslutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árslutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árslutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árslutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2017 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga.

Reykjavík, 22. ágúst 2017

Deloitte ehf.

Björn Ingi Victorsson

Jóhann Óskar Haraldsson

Rekstrarreikningur

1. janúar til 30. júní 2017

	Skýr.	2017 2F*	2016 2F*	2017 6M	2016 6M
Seldar vörur og þjónusta	7	3.386	3.467	6.527	6.762
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	8	(1.865)	(1.862)	(3.572)	(3.616)
Framlegð		1.521	1.605	2.955	3.146
Rekstrarkostnaður	9	(1.145)	(1.201)	(2.237)	(2.418)
Rekstrarhagnaður		376	404	718	728
Fjármunatekjur		18	14	29	33
Fjármagnsgjöld		(96)	(109)	(198)	(206)
Hrein fjármagnsgjöld		(78)	(95)	(169)	(173)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		298	309	549	555
Tekjuskattur		(59)	(61)	(109)	(110)
Hagnaður tímabilsins		239	248	440	445
Hagnaður á hlut		0,90	0,90	1,70	1,70
Þynntur hagnaður á hlut		0,90	0,90	1,70	1,70

Yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. júní 2017

	2017 2F*	2016 2F*	2017 6M	2016 6M
Hagnaður tímabilsins	239	248	440	445
Liðir sem gætu síðar verið færðir um rekstrarreikning				
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags	(15)	(20)	(7)	(24)
Áhættuvarnir	(32)		(25)	
Heildarafkoma tímabilsins	192	228	408	421

* Ársfjórðungslegar upplýsingar hafa ekki verið kannaðar af endurskoðendum

Efnahagsreikningur

30. júní 2017

	30.6.2017	31.12.2016
Fastafjármunir		
Rekstrarfjármunir	4.500	4.478
Óefnislegar eignir	7.298	7.228
Eignahlutur í hlutdeildar- og öðrum félögum	9	9
Fastafjármunir samtals	11.807	11.715
Veltufjármunir		
Birgðir	339	272
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	2.838	2.331
Handbært fé	326	368
Veltufjármunir samtals	3.503	2.971
Eignir samtals	15.310	14.686
Eigið fé		
Hlutfé	2.640	2.640
Yfirverðsreikningur hlutfjár	678	678
Annað eigið fé	(30)	2
Óráðstafað eigið fé	4.107	3.667
Eigið fé	7.395	6.987
Langtímaskuldir		
Vaxtaberandi skuldir	5.401	5.284
Tekjuskattsskuldbinding	212	103
Langtímaskuldir samtals	5.613	5.387
Skammtímaskuldir		
Vaxtaberandi skuldir	430	431
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	1.770	1.822
Fyrirframinnheimtar tekjur	102	59
Skammtímaskuldir samtals	2.302	2.312
Skuldir samtals	7.915	7.699
Eigið fé og skuldir samtals	15.310	14.686

Eiginfjáryfirlit

1. janúar til 30. júní 2017

	Yfirverðs- reikningur		Annað eigið fé				Eigið fé samtals
	Hlutfé	hlutfjár	Þýðingar- munur	Bundinn reikningur	Áhættu- varnir	Óráðstafað eigið fé	
1.1. til 30.6. 2016							
Eigið fé 1.1.2016	3.270	2.651	149	-	-	3.009	9.079
Eigin hlutir	(35)	-	-	-	-	(121)	(156)
Hlutfjárلækkun	(545)	(1.955)	-	-	-	-	(2.500)
Heildarafkoma tímabilsins	-	-	(24)	-	-	445	421
Eigið fé 30.6.2016	2.690	696	125	0	0	3.333	6.844

1.1. til 30.6. 2017

Eigið fé 1.1.2017	2.640	678	33	53	(84)	3.667	6.987
Heildarafkoma tímabilsins	-	-	(7)	-	(25)	440	408
Eigið fé 30.6.2017	2.640	678	26	53	(109)	4.107	7.395

Sjóðstreymisýfirlit

1. janúar til 30. júní 2017

	2017 2F*	2016 2F*	2017 6M	2016 6M
Hagnaður tímabilsins samkvæmt rekstrarreikningi	239	248	440	445
Aðlögun vegna				
Afskrifta	385	347	762	692
Hreinna fjármagnsliða	78	95	169	173
Breyting á tekjuskatti	59	61	109	110
Veltufé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt	761	751	1.480	1.420
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum				
Birgðir	(63)	233 (66)	108
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	(78)	(173)	(490)	(222)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	(55)	(70)	(84)	84
Fyrirframinnheimtar tekjur	27	4	43	0
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt	592	745	883	1.390
Innborgaðar vaxtatekjur	11	11	22	22
Greidd vaxtagjöld	(90)	(100)	(200)	(185)
Handbært fé frá rekstri	513	656	705	1.227
Fjárfestingarhreyfingar				
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(366)	(207)	(589)	(395)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(170)	(84)	(272)	(154)
Fjárfestingarhreyfingar	(536)	(291)	(861)	(549)
Fjármögnunarhreyfingar				
Endurkaup á eigin hlutum	- (57)	-	-	(156)
Hlutfjárlækkun	- (2.500)	-	-	(2.500)
Tekið nýtt langtímalán	-	1.935	-	1.935
Afborganir langtímalána	(115)	(240)	(219)	(314)
Skammtímalán, breyting	190	151	335	151
Fjármögnunarhreyfingar	75	(711)	116	(884)
Breyting á handbæru fé	52	(346)	(40)	(206)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	-	-	(2)	(1)
Handbært fé í byrjun tímabils	274	559	368	420
Handbært fé í lok tímabilsins	326	213	326	213

* Ársfjórðungslegar upplýsingar hafa ekki verið kannaðar af endurskoðendum

Skýringar

1. Félagið

Fjarskipti hf. ("félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru á Suðurlandsbraut 8, Reykjavík. Meginstarfsemi félagsins er á sviði fjarskipta. Samandreginn samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2017 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélags þess, P/F Kall í Færeyjum og hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf., sem vísað er til í heild sem „samstæðunnar“.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga.

Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilareglum og lágu til grundvallar við gerð ársreikningsins 2016. Hann inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2016. Hægt er að nálgast ársreikning Fjarskipta hf. á heimasíðu félagsins www.vodafone.is. og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn félagsins staðfesti og heimilaði birtingu árshlutareikningsins þann 22. ágúst 2017.

3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningur samstæðunnar er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

4. Mat stjórnenda í reikningsskilum

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og foresendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

a. Ákvörðun gangvirðis

Hluti af reikningsskilaaðferðum og skýringum samstæðunnar krefjast ákvörðunar á gangvirði, bæði vegna fjármálagerninga og annarra eigna og skulda.

Að svo miklu leyti sem hægt er, notar samstæðan markaðsupplýsingar við ákvörðun gangvirðis en liggja slíkar upplýsingar ekki fyrir er byggt á mati stjórnenda. Ef upplýsingar frá þriðja aðila, líkt og verð frá miðlurum eða verðmatsþjónustu, eru notaðar við ákvörðun gangvirðis þá nýta stjórnendur upplýsingarnar til að styðja þá niðurstöðu að matið uppfylli kröfur um alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), þar á meðal það stig sem slíkt mat myndi falla undir. Það er mat stjórnenda að bókfærð virði fjármálagerninga endurspegli gangvirði þeirra.

Gangvirðið er flokkað í þrjú stig eftir forsendum sem notaðar eru við matið:

- Stig eitt byggir á skráðu verði á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.
- Stig tvö byggir á beinum eða óbeinum markaðsforsendum sem eru aðrar en skráð verð á virkum markaði sem flokkast undir stig eitt.
- Stig þrjú byggir á forsendum og gögnum sem ekki er unnt að afla á markaði.

b. Nýir reikningsskilastaðlar

Félagið hefur hafið greiningu á áhrifum nýrra reikningsskilastaðla, IFRS 15 um tekjuskráningu og IFRS 16 um leigusamninga. Ekki er enn ljóst hvaða áhrif staðlarnir munu hafa á félagið.

Skýringar, frh.:

5. Meðferð vaxtaskiptasamnings

Afleiðusamningar eru gerðir til að stýra áhættu félagsins gagnvart vaxtaáhættu, þ.e. vaxtaskiptasamningur. Afleiður eru færðar á gangvirði. Almenna reglan er að óinnleystur hagnaður eða tap er fært í rekstrarreikning. Hins vegar þegar afleiða er skilgreind og virk sem áhættuvörn er afkoman færð eftir áhættuvarnarsambandinu sem afleiðan tilheyrir. Félagið hefur skilgreint vaxtaskiptasamning sem áhættuvörn vegna undirliggjandi skulda. Afleiðusamningar eru flokkaðir á meðal langtímaeigna eða langtímaskulda ef meira en 12 mánuðir eru til lokagjalddaga samningsins og ekki er gert ráð fyrir að hann verði gerður upp innan 12 mánaða. Aðrir afleiðusamningar eru flokkaðir á meðal veltufjármuna eða skammtímaskulda eftir því sem við á.

a. Áhættuvarnareikningsskil

Félagið skilgreindi í fyrsta skipti á þriðja ársfjórðungi 2016 afleiðusamning sem áhættuvarnargerning vegna sjóðstreymisvarnar. Á upphafsdegi áhættuvarnarsambandsins, skjalaði félagið sambandið á milli áhættuvarnargerningsins og áhættuvarða liðarins ásamt markmiðum áhættuvarnarstýringar og stefnu félagsins varðandi áhættuvarnir. Til viðbótar við þetta mat félagið skilvirkni áhættuvarnarsambandsins.

b. Sjóðstreymisvarnir

Skilvirki hluti gangvirðisbreytinga á afleiðum sem standast kröfur um sjóðstreymisvarnir og eru skilgreindar sem slíkar er færður í yfirlit um aðra heildarafkomu með mótfærslu á áættuvarnir á meðal eigin fjár. Hagnaður eða tap vegna óskilvirkni í áhættuvarnarsambandi er færður í rekstrarreikning undir liðnum fjármagnsgjöld. Uppsöfnuð staða á eigin fé sem áður hefur verið færð um aðra heildarafkomu er endurflokkuð um rekstrarreikning þegar hagnaður eða tap vegna áhættuvarða liðarins er færður, uppsafnaða staða á eigin fé er færð í sömu línu rekstrarreiknings.

Skýringar, frh.:

6. Starfsþáttayfirlit

Rekstrarstarfspættir

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir eðli rekstrar og byggja á skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

Samstæðan skiptist í sex starfspætti sem selja vörur og þjónustu á mismunandi mörkuðum. Starfspættirnir eru:

Farsími samanstendur af öllum tekjum vegna notkunar á farsímum, þ.m.t. gagnaflutningum í farsímakerfinu, áskriftartekjum frá einstaklingum og fyrirtækjum, seldum frelsisinnæignum, reikitekjum frá ferðamönnum og samtengitekjum í farsíma.

Internet samanstendur af tekjum af netþjónustu í fastlínukerfum, þ.m.t. á ljósleiðara, xDSL þjónustu og öðrum gagnatengingum.

Fastlína samanstendur af tekjum vegna notkunar á heimasíma, fyrirtækjasíma í fastlínu og samtengitekjum í fastlínu.

Sjónvarp samanstendur af tekjum af dreifingu á báðum sjónvarpsdreifikerfum Vodafone, leigutekjum af myndlyklum og tekjum af leigu einstakra kvikmynda og þátta (TVOD), tekjum af áskriftaveitu Vodafone (SVOD), tekjum af áskriftum að línulegum stöðvum og tekjum af sölu eintaka sjónvarpsviðburða.

Vörusala samanstendur af sölu á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.

Aðrar tekjur samanstanda af þjónustutekjum og leigu á endabúnaði.

Rekstrarstarfspættir	Farsími	Internet	Fastlína	Sjónvarp	Vörusala	Aðrar tekjur	Jöfnunar-færslur	Samtals
1.1. til 30.6.2017								
Tekjur frá þriðja aðila	2.020	1.854	598	1.053	611	391	-	6.527
Innri tekjur	-	(1)	11	-	-	9	(19)	0
Tekjur samtals	2.020	1.853	609	1.053	611	400	(19)	6.527

Óskipt rekstrargjöld	(5.047)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)	1.480
Afskriftir	(762)
Hrein fjármagnsgjöld	(169)
Tekjuskattur	(109)
Hagnaður tímabilsins	440
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags	(7)
Áhættuvarnir	(25)
Heildarafkoma tímabilsins	408
Óskiptar eignir 30.6.2017	15.310
Óskiptar skuldir 30.6.2017	7.915
Fjárfestingar tímabilsins 1.1.2017 til 30.6.2017	861

Skýringar, frh.:

6. Starfspáttayfirlit, frh.:

Rekstrarstarfspættir	Farsími	Internet	Fastlína	Sjónvarp	Vörusala	Aðrar tekjur	Jöfnunar-færslur	Samtals
1.1. til 30.6.2016								
Tekjur frá þriðja aðila	2.261	1.818	650	957	688	388	-	6.762
Innri tekjur	1	(1)	15	-	-	33	(48)	0
Tekjur samtals	2.262	1.817	665	957	688	421	(48)	6.762

Óskipt rekstrargjöld								(5.342)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)								1.420
Afskriftir								(692)
Hrein fjármagnsgjöld								(173)
Tekjuskattur								(110)
Hagnaður tímabilsins								445
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags								(24)
Heildarafkoma tímabilsins								421

Óskiptar eignir 31.12.2016								14.686
Óskiptar skuldir 31.12.2016								7.699
Fjárfestingar tímabilsins 1.1.2016 til 30.6.2016								549

Landsvæðaskipting

Tekjur samstæðunnar greinast þannig eftir landsvæðum:

1.1. til 30.6.2017	Ísland	Færeyjar	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila á tímabilinu	5.927	600	6.527
EBITDA á tímabilinu	1.424	56	1.480
Eignir starfspáttá í lok tímabilsins	14.487	823	15.310
Fjárfestingar tímabilsins	834	27	861

1.1. til 30.6.2016	Ísland	Færeyjar	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila á tímabilinu	5.993	769	6.762
EBITDA á tímabilinu	1.310	110	1.420
Eignir starfspáttá 31.12.2016	13.801	885	14.686
Fjárfestingar tímabilsins	513	36	549

Skýringar, frh.:

7. Seldar vörur og þjónusta

Seldar vörur og þjónusta greinast þannig:	2017 2F*	2016 2F*	2017 6M	2016 6M
Vörusala	329	381	611	688
Seld þjónusta	3.057	3.086	5.916	6.074
Seldar vörur og þjónusta samtals	3.386	3.467	6.527	6.762

8. Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu

Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu greinist þannig:	2017 2F	2016 2F	2017 6M	2016 6M
Kostnaðarverð seldrar vöru og þjónustu	1.434	1.434	2.710	2.752
Laun og launatengd gjöld	184	190	364	389
Afskriftir	247	238	498	475
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu samtals	1.865	1.862	3.572	3.616

9. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:	2017 2F	2016 2F	2017 6M	2016 6M
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	277	343	533	649
Sölu- og markaðskostnaður	98	101	181	191
Laun og launatengd gjöld	632	648	1.260	1.361
Afskriftir	138	109	263	217
Rekstrarkostnaður samtals	1.145	1.201	2.237	2.418

* Ársfjórðungslegar upplýsingar hafa ekki verið kannaðar af endurskoðendum

Skýringar, frh.:

10. Önnur mál

Fjarskipti hf. („félagið“) á í málarekstri við einstaklinga, önnur félög og eftirlitsstofnanir á íslenskum fjarskiptamarkaði. Félagið færir skuldbindingar og/eða kröfur vegna málareksturs þegar hægt er að meta framtíðar greiðslur og ávinning með áreiðanlegum hætti. Vegna óvissu um framtíðarþróun málarekstrar, niðurstöður dómsmála, úrskurði, áfrýjanir og sættir í málum geta niðurstöður mála leitt til viðbótar skuldbindinga og kostnaðar fyrir félagið.

Fjarskipti hf. gegn Símanum hf.

Félagið hefur stefnt Símanum hf. vegna ólögmæts verðþrýstings og nemur stefnujárhæð í málinu ríflega 900 milljónum króna. Síminn hf. gagnstefndi félaginu og nemur stefnujárhæð Símans hf. um 2.500. millj. kr. Dómkvaddir matsmenn hafa skilað matsgerðum. Aðalmeðferð hefur ekki farið fram, en Héraðsdómur Reykjavíkur hefur úrskurðað að leitað verði ráðgjafandi álits frá EFTA dómstólum á afmörkuðum þáttum málsins.

Síminn gegn Póst- og fjarskiptastofnun, Fjarskiptum hf. og NOVA ehf.

Síminn hf. stefndi Póst- og fjarskiptastofnun, Fjarskiptum hf. og Nova ehf. til ógildingar á ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 14/2014. Fól ákvörðunin í sér að Fjarskiptum hf. og Nova ehf. er heimilt að samnýta tíðniheimildar sínar í nýju rekstarfélagi. Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 11. desember 2014. Liggur ekki fyrir hvenær aðalmeðferð málsins fer fram.

Önnur mál

Að síðustu má geta þess að félagið á í margháttar ágreiningi við Símann hf. fyrir stjórnvöldum og dómstólum vegna sjónvarpsmála. Má þar nefna ágreining um skráningu og notkun á vörumerkinu Tímaflak og lögbann sem Síminn fékk lagt á við því að félagið taki upp og miðli sjónvarpsefni Skjás eins með línulegum og ólínulegum hætti. Hefur Héraðsdómur Reykjavíkur nú staðfest lögbannið og Fjarskipti áfrýjað þeim dómi til Hæstaréttar. Póst- og fjarskiptastofnun ákvað að fresta frekari meðferð málsins meðan staðfestingarmál vegna lögbannsins er til úrlausnar fyrir dómstólum.

Þá hefur Póst- og fjarskiptastofnun tekið stjórnvaldsákvörðun þess efnis að bann fjölmiðlalaga við því að fjölmiðlaveitur beini viðskiptum að eigin fjarskiptanetum taki jafn til línulegs og ólínulegs efnis. Hefur sú ákvörðun verið staðfest af úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Síminn hefur nú höfðað mál til ógildingar á þeim úrskurði en aðalmeðferð ekki verið ákveðin.

Á þessum tímamarki getur félagið ekki metið framtíðar skuldbindingar eða kröfur sem leiða af niðurstöðum ofangreinds málareksturs meðal annars vegna þess að það getur tekið langan tíma að fá niðurstöður í mál ásamt því að mál geta tekið breytingum og próast í ólíkar áttir. Vegna þessa hefur engin skuldbinding né krafa verið færð í árs hlutareikning félagsins umfram það sem að ofan greinir.